

**88. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
30. júlí 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1709090 - Aðalsk. Akraneshöfn - aðalhafnagarður

Breyting á aðalskipulagi Akraneshafnar vegna fyrirhugaðrar lengingar hafnarinnar.

Skipulagslýsing og aðalskipulagsuppdráttur frá Árna Ólafssyni arkitekt og greinargerð frá Skipulags- og umhverfissviði ásamt svörum frá Faxaflóahöfnum.

Aðalskipulagsbreyting felst í lengingu á hafnargarði og brimvarnargarði við aðalhöfnina. Ennfremur er hafnargarður Skarfatangahafnar felldur út.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3.mgr. 30.gr. sömu laga.

2. 1708227 - Deilisk. - Akraneshafnar, breyting

Breyting á deiliskipulagi Akraneshafnar vegna fyrirhugaðrar lengingar hafnarinnar. Skipulagslýsing frá Árna Ólafssyni arkitekt ásamt uppdrætti að breyttu deiliskipulagi. Greinargerð frá skipulags- og umhverfissviði ásamt svörum frá Jóni Þorvaldssyni hjá Faxaflóahöfnum.

Breyting á deiliskipulagi felst m.a. í eftirfarandi:

Hafnarbakki er lengdur um 90 metra.

Dýpkun á snúningssvæði innan og utan hafnar.

Brimvarnagarður lengdur um 60 metra með fyrirvara um áhrif á langasand.

Öldudeyfing milli Aðalhafnargarðs og bátabryggju.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 1807054 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 3

Beiðni um að fá að færa innkeyrslu á bílskúr úr að vera vinstra megin á húsi í að vera hægra megin.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni í samræmi við 2.mgr.43.gr skipulaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verið fyrir lóðarhöfum á Baugalundi 1,4,5,6,8,10 og 12.

RBS

4. 1807077 - Deilisk. Stofnanareitur - Kirkjubraut 39

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits v/ Kirkjubrautar 39.

Kynnt var breyting á deiliskipulagi við lóð nr. 39 við Kirkjubraut. Breyting felst í því að nýtingarhlutfall lóðar er hækkað, hámarksfjöldi hæða verður fjórar í stað þriggja og á lóðinni verði húsnæði fyrir hótél í stað skrifstofu- eða opinberrar byggingar.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að halda opinn kynningarfund um fyrirhugaðar deiliskipulagsbreytingar.

5. 1807128 - Deilisk. Flóahverfi - endurskoðun

Hugmyndir um endurskoðun á deiliskipulagi Flóahverfis.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu máls. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að flýta skipulagsbreytingum í Flóahverfi.

6. 1807090 - Deilisk. Garðabraut 1

Umsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts f.h. HÆ ehf. um að grenndarkynna breytingu á notkun húsnæðis við Garðabraut 1 úr félagsheimili í starfsmannabústað, samkv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni í samræmi við 1. mgr. 44. gr skipulaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum á Garðabraut 3, 4, 5,6 og Skarðsbraut 1, 3 og 5.

7. 1807091 - Deilisk. Sementsreits - v. Faxabraut 11 /

Breyting á deiliskipulagi felst í því að setja upp rykræsigeymslu og þvottaplan á lóð nr. 11 við Faxabraut.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni í samræmi við 2. mgr. 43. gr skipulaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Faxabraut 9 og Mánabraut 4, 6a og 6b.

8. 1807072 - Skólabraut 19 - Fyrirspurn til byggingarfulltrúa

Fyrirspurn um að bæta við bílskúr og gistihúsi á lóð við Skólabraut 19.

Skipulags- og umhverfisráð felur byggingarfulltrúa að afla frekari upplýsinga um erindið.

9. 1806222 - Vitastígur Breið og stígur við Garðalund - útboð

Opnun tilboða 17. júlí 2018, í verkið "Vitastígur á Breið / göngu- og hjólastígur við Garðalund".

Tilboð í verkið Vitastígur Breið - göngu og hjólastígur við Garðalund.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Skóflan h/f kr. 32.617.000

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar kr. 33.173.000

Þróttur ehf kr. 35.853.720

Kostnaðaráætlun var kr. 34.082.000

RBS

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

10. 1807079 - Kalmanstorg / Esjubraut - útboð / gatnagerð og veitur

Opnun tilboða 12. júlí 2018, í gatnagerð og hluta Veitna við Kalmanstorg/ Esjubraut.

Tilboð í verkið Kalmansbraut-Esjubraut-gatnagerð og veitur ohf.

Um er að ræða sameiginlegt verkefni Akraneskaupstaðar og Veitna.

Tilboð voru eftirfarandi eftir leiðréttingu við yfirferð þeirra:

1. Skóflan h/f kr. 197.213.000

2. Þróttur ehf kr. 169.445.800

Kostnaðaráætlun var kr. 173.151.000

Akraneskaupstaður felur sviðsstjóra í samvinnu við Veitur ohf að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

11. 1807092 - Guðlaug - aðstaða

Sviðsstjóri fer yfir hugmyndir um frágang og aðstöðu við Guðlaugu.

Sviðsstjóri fór yfir hugmyndir um búningsaðstöðu við Guðlaugu.

12. 1807093 - Íþróttahús Vesturgötu - inngangur

Sviðsstjóri kynnir tillögu frá Kristbjörgu Traustadóttur um hellulögn o.fl. við inngang að íþróttahúsinu við Vesturgötu.

Lögð fram hugmynd um frágang við inngang við íþróttahúsið við Vesturgötu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að farið verði í ofangreindan frágang og verði hann hluti af gatnaframkvæmdinni við Vesturgötu.

13. 1807022 - Skarðsbraut 7-11 - lóðamál

Erindi íbúa við Skarðsbraut 7,9 og 11, vegna göngustígs yfir lóð þeirra.

Sviðsstjóri fór yfir athugasemdir íbúa vegna göngustígs sem fer yfir lóð þeirra.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samráði við íbúa.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.

Ragnar B Samundsson
 Gestur Jón. Johannsdóttir
 Olafur P. H.
 Síð. P. H.
 Sindri Birgisson Hafþór Sig. rit.